

Hvammstanga, 3. ágúst 2021

Sveitarfélagið Dalabyggð
Miðbraut 11
370 Búðardal

Á 334. fundi Skipulags- og umhverfisráðs Húnaþings vestra þann 8. júlí 2021, var m.a. tekið á dagskrá:

- 4. Erindi nr. 2011051.** Sveitarfélagið Dalabyggð, kt. 510694-2019, óskar með tölvupósti 24. nóvember sl., eftir umsögn við tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016 vegna vindorkuvers í landi Sólheima, í samræmi við 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Athugasemdafrestur vegna tillögunnar var til 20. janúar 2021. Málið var áður á dagskrá 327. fundar skipulags- og umhverfisráðs.

Íbúafundur um nýtingu vindorku í landi Sólheima í Dalabyggð var haldinn í Tangahúsi á Borðeyri þriðjudaginn 15. júní klukkan 17. Fyrirtækið Qair, vindorkugarður í landi Sólheima og staða skipulagsmála (Sólheimar, iðnaðarsvæði til vindorkunýtingar) voru kynnt. Aðalskipulagsbreytingin felst í aðalatriðum í því að 400ha iðnaðarsvæði til vindorkunýtingar við sveitarfélagsmörk Húnaþings vestra og Dalabyggðar, þar sem í núgildandi skipulagi er landbúnaðarsvæði.

Gert er ráð fyrir allt að 30 vindmyllum til raforkuframleiðslu með allt að 150MW framleiðslugetu. Hæð verði 120m upp í miðju hverfils og spaðar í hæstu stöðu í 200m hæð. Ljóst er að áhrifa af fyrirhuguðum vindmyllugarði mun ekki síður gæta í Húnaþingi vestra en í Dalabyggð.

Skipulags- og umhverfisráð þakkar kynningar á íbúafundinum og áréttar að í umhverfisáætlun verði sérstaklega gerð grein fyrir áhrifum í Húnaþingi vestra s.s. ásýnd, náttúrufar og framtíðarhagsmuni sveitarfélagsins.

Skipulags- og umhverfisráð áskilur sér rétt til að leggja fram athugasemdir síðar í skipulagsferlinu eftir því sem við á.

Á 1095. fundi byggðarráðs Húnaþings vestra þann 12. júlí 2021 var afgreiðsla skipulags- og umhverfisráðs samþykkt.

Virðingarfyllst,



Byggingarfulltrúinn
í Húnaþingi vestra

Steinn Hinnar Hilmarsson

F.h. Byggingarfulltrúa